

Flokkar í 1/8 mílu (Kvartmílu)

Efnisyfirlit:

Bracket flokkur – síða 2
S flokkur – síða 2
TS flokkur – síða 2
HS flokkur – síða 2
DS flokkur – síða 2
LS flokkur – síða 3
OF flokkur – síða 3
RS flokkur – síða 4 – 5
OS flokkur – síða 5 – 6
GT flokkur – síða 7 – 8
MC flokkur – síða 9 – 11
SE flokkur – síða 11 – 13
MS flokkur – síða 13 – 15
GF flokkur – síða 16 - 18

Bracket flokkur (BR)

Þessi flokkur er hugsaður fyrir bíla sem keyra á 12 sekúndum og hægar, keppendur velja sér kennitíma eftir tímatökur.

Dæmi: bíll A fer þrjár tímatökuferðir 14.35, 14.39 og 14.44 og velur sér t.d 14.38 sem kennitíma (tími sem tæki A má ekki fara undir í keppni). Tæki B fer 12.33, 12.40 og 12.37 og velur sér t.d 12.38 sem kennitíma.

Tæki A fær þá 2 sekúndu forskot á ljósunum á tæki B, Ef ökumaður fer undir kennitíma "breakout" þá tapar viðkomandi ferðinni, ef báðir fara undir kennitíma þá vinnur sá sem fór minna undir kennitíma.

Street Flokkur (ST)

Street

11.49 sekúndu limit er í flokknum.

Númeraskylda er í flokknum

Hjálpartæki:

Throttle stop og álíka búnaður bannaður

True Street Flokkur (TS)

True Street

9.99 sekúndu limit er í flokknum.

Númeraskylda er í flokknum

Hjálpartæki:

Throttle stop og álíka búnaður bannaður

Heavy Street (HS)

Heavy Street

Full body bílar eingöngu, 1350Kg lágmarkspyngd.

Allur bifreiðarskoðunarbúnaður skylda fyrir utan, dekk, púst og miðstöð, ekki númeraskylda. 8.49 sekúndu eða 160mph limit er í flokkum.

DS Flokkur (DS)

DS flokkur-Door Slammer

Keyrður 1/8 Pro Tree fyrir „door slammer“ bíla. Allar tjúnningar og breytingar leyfðar.

DS er keyrður í hreinum útslætti (einungis þarf eina ferð til að vinna)

LS Flokkur (LS)

LS Flokkur- Limited Street

1. Flokkur fyrir bíla með drif á einum öxli.
 2. Allir aflaukar bannaðir.
 3. Leyfilegt eldsneyti er allt bensín, etanól, methanol, E-85 og Alcohol, nitromethane bannað.
 4. Slikkar leyfðir, max hæð 30", max breidd 10.50" „W" slikkar bannaðir.
 5. Virkur ljósabúnaður og rúðu upphalarar skylda.
 6. Bílar með mótora 400cid og undir skulu vera 1250kg (2.755lbs) að lágmarki með ökumanni.
- Bílar með mótora 400-500cid skulu vera 1350kg (2976lbs) að lágmarki með ökumanni.
- Bílar með mótora 500-600cid skulu vera 1450kg (3196lbs) að lágmarki með ökumanni.
- Bílar með mótora 600cid og yfir skulu vera 1550kg (3417lbs) að lágmarki með ökumanni.

OF Flokkur (OF)

Opinn flokkur

Kennitími er valinn með því að slagrími vélar (cid) er deilt í heildarþyngd ökutækis (USA-pund, 454gr.=1pund) pund á rúmtommu.

Miðað er við meðaltal út frá tölum sem birtast í National Dragster.

Meðaltalslína er notuð til ákvörðunar á kennitíma. Sjá línurit.

Dæmi: a)1760 pund(784kg.) grind með 360cid vél. $1760:360 = 4,8\text{pund/cid}$. Kennitími:7,65 sek b)3200 pund(1454kg.)bíll með 427cid vél $3200:427 = 7,5\text{pund/cid}$. Kennitími 8,45 sek

1. Allar vélar og tjúnningar leyfðar. Tjúkning breytir ekki kennitíma.
2. Allir gírkassar og skiptingar leyfðir.
3. Bensín og alkahól leyft.
4. Nitro leyft.
5. Allar breytingar leyfðar.
6. Ef ökutæki séu með hærra hlutfall en 10 pund/cid fær ökutæki kennitímann 9.00 sek
7. Um öryggisatriði sjá reglur um spyrnukeppnir.
8. OF-línuritið verði uppfært árlega miðað við tölur í Competition. (eins og var) þannig að meðaltalslínan miðast við nýjustu tölur ásamt því að miðað verði við flokkana Econo Dragster og Altered.
9. Skuli ökutæki fara niður fyrir kennitímann sinn lækkar kennitíminn í samræmi við það sem að gerist í COMP (Competition) flokknum
10. OF er keyrður í hreinum útslætti (einungis þarf eina ferð til að vinna)

RS Flokkur

FLOKKS LÝSING

RS (Rally Sport): Flokkur fyrir bíla með 3 til 6 strokka véla og slaggrúmtak upp að 4500cc. Ef Bílar eru með forþjöppu, nitro eða Wankel vél þá uppreiknast slaggrúmtak sjá í vélarkafli. Einn aflauki leifður. Flokkurinn takmarkast við að bílar fari ekki niður fyrir tímann 11.49 sek Allir bílar verða að vera á númerum og með löglega skoðun.

VÉL

Aðeins má nota vélur sem voru í boði í því boddii sem nota á. (T.d. má aðeins nota vélur úr Golf MK2 í Golf MK2) Setja má forþjöppur á bíla sem ekki koma original með forþjöppur. Ef bílar eru með forþjöppu eða nitro uppreiknast slaggrúmtak með 1,7 s.s. $2500\text{cc} \times 1,7 = 4250\text{cc}$ ef um Wankel vél er að ræða þá uppreiknast slaggrúmtak með 2,2 s.s. $1300\text{cc} \times 2,2 = 2860\text{cc}$ og ef um er að ræða Wankel með forþjöppu eða nitro þá uppreiknast slaggrúmtak með 3,74 s.s. $1100\text{cc} \times 3,74 = 4114\text{cc}$.

Bensíntankur

Bensíntankur verður að vera original eða eins og original. Ef ekki er upprunalegur tankur notaður verður sá sem notaður er að líta eins út, taka sama magn og vera í sömu festingum og sá upprunalegi.

Eldsneyti

Aðeins það eldsneyti sem að er í almennri dreifingu á eldsneytisútsölustöðum á Íslandi. Bensínbættiefni bönnuð.

Púströr

Púströr skulu ná útfyrir yfirbyggingu bíls. Sverleiki á rörum má ekki vera meiri en 4" (10,16cm) á einföldu kerfi og 3" (7,62cm) á tvöföldu kerfi. Pústkerfi skal þó smíðað þannig að það sé hægt að fara með það beint úr keppni á viðurkennda skoðunarstöð og það fái fulla skoðun.

Hljóðkútar

Hljóðkútar verða að vera til staðar og skoðun verður að fást á þá hjá viðurkenndri skoðunarstöð. Aðeins fjöldaframleiddir hljóðkútar leyfðir.

Fjöðrun

Fjöðrum og fjaðrakerfi má ekki breyta frá original í neinum bíl. Fjöðrunarkerfi verður að vera eins og hver tegund og gerð kom með frá verksmiðju. Þetta á við bæði um fram og afturfjöðrun. Staðsetning fjöðrunarkerfis og festinga verður að vera sú sama og var frá verksmiðju á hverri tegund og gerð. Breyta má stífleika fjaðra, gorma vindustanga osf.... Ekki má nota einblöðung sem afturfjöðrun.

Búkkar

Allir venjulegir spyrnubúkkar leyfðir. Bannað er að nota annað en original "four link" eða "ladder link", nema að bíllinn hafi komið upprunalega með svoleiðis búnaði frá framleiðanda. Ekki má klippa úr yfirbyggingu til að koma búkkum fyrir.

Yfirbygging

Yfirbygging verður að vera eins og original hvað efni, stærð og útlit varðar. Setja má þó á vængi og vindskeiðar sem seldar eru á almennum markaði og smíðaðar eru fyrir viðkomandi bíl. Einnig er leyfilegt að setja aukaopnun (cowl induction) á vélarlíf

Innrétting

Allir bílar verða að vera með upprunalegri innréttingu þmt teppi stóla klæðning osf... Skipta má út framstólum fyrir keppnistóla (mælt er með að það sé gert) sem verða að vera í upprunalegri staðsetningu. Aftursæti má fjarlægja til að koma fyrir veltiboga, en ganga verður snyrtilega frá því gati sem myndast milli ökumannsrýmis og farangursrýmis.

Felgur

Allar gerðir af felgum leyfðar, mega þó ekki vera minni en 13" nema að bíllinn hafi komið original á þeim frá verksmiðju. Felgur mega ekki ná út fyrir yfirbyggingu bíls.

Dekk

Bílar með drifi að framan mega nota slikka. Bílar með drifi að aftan mega nota "DOT" merkt götuslikka. Fjór hjóladrifs bílar mega aðeins nota venjuleg götudekk. Öll "soft compound" dekk hvort sem það eru slikka eða götuslikkar, "radial" eða "diagonal" eru bönnuð á bílum með drifi á öllum hjólum. Dekk mega aldrei standa út fyrir yfirbyggingu bíls.

Ökumaður

Ökumaður skal sitja í ökumannssæti sem er í sömu staðsetningu og orginal

Hjálpartæki

Öll hjálpartæki til að aðstoða ökumann við brautarræsinguna eru bönnuð.

OS Flokkur

FLOKKSLÝSING

OS (Ofur Sport) Flokkur fyrir bíla með 3-6 strokka vél. Bílar sem eru á númerum skulu vera löglegir til götuaksturs með rétta skoðun. Allur búnaður bílsins í keppni skal standast skoðun að undanskyldum dekkjum og pústkerfi. Leyft er að sleppa númerinu en þá verður keppnisstjórn að taka út öryggismat á bílnum fyrir hverja keppni og einnig allanvega einu sinni af löggildri umferðastofa það keppnisár þá fyrir fyrstu keppni sem faratæki er skráð í. Ræst skal á jöfnu með "full tree" Merking: OS/númer. Einungis skal vikta sigurvegara eftir hvern keppnisdag.

Lágmarks leyfð eigin þyngd (bíll og ökumaður)

FWD Þyngdir án power adders FWD (minni en 1750cc) 770kg FWD (stærri en 1750cc og minni en 2300cc) 830kg FWD (stærri en 2300cc og minni en 2850cc) 900kg FWD (stærri en 2850cc) 960kg FWD þyngdir með power adders FWD (minni en 1750cc) 860kg FWD (stærri en 1750cc og minni en 2300cc) 930kg FWD (stærri en 2300cc og minni en 2850cc) 1000kg FWD (stærri en 2850cc) 1070kg AWD/RWD þyngdir án power adders AWD/RWD (minna en 2300cc) 920kg AWD/RWD (stærri en 2300cc og minni en 2850cc eða 2 rotors) 990kg AWD/RWD (stærri en 2850cc) 1050kg AWD/RWD Þyngdir með power adders AWD/RWD (minna en 2300cc) 1030kg AWD/RWD (stærri en 2300cc og minni en 2850cc eða 2 rotors) 1100kg AWD/RWD (stærri en 2850cc) 1170kg

VÉL

Frjálst val um fjöldaframleiddar fjörgengisvélar með 3-6 cylendra eða rotary vélar með 2 brunahólf. Allar tjuningar leyfðar. Hámark ein vél í hverjum bíl. Vél skal þó vera á OEM/upprunalegum stað í bílnum (leyfilegt að færa og snúa vél en hún skal vera undir upprunalegri vélarhlíf).

ÚTBLÁSTURSKERFI

Frjálst val. Útblæstri skal beina frá vagni, dekkjum.

DRIFRÁS

Nota má hvaða afturás sem er. Sérsmíðaðir öxlar æskilegir og skylda ef notaðar eru spólulæsingar. Öxulfestingar út við hjól æskilegar.

GRIND

Verður að vera bílgrind og eiga við viðkomandi ökutæki. Skal vera með OEM/upprunalegt gólf og eldvegg, styrkingar má setja hvar á grind sem er. Fyrir framan hvalbak má breyta grind til að koma stærri dekkjum að. Breyta má grind að aftan til að koma stærri dekkjum fyrir osf

HÆÐ YFIR JÖRÐU

Minnsta hæð frá jörðu má ekki vera minni en 3"(7,62cm). Undanskilið er pústkerfi og oliupanna.

HJÓLBARÐAR

Skulu vera fjöldaframleidd bíldekk sem seld eru almenningi, ætluð hvort sem er til vegaaksturs eða utanvegar. Bannað er að fjarlægja merkingar á dekkjum.

FELGUR

Allar gerðir af felgum fyrir bíla leyfðar, nema teina og mótörhjólafelgur. Minnsta felgustærð er 13"

KLÆÐNING

Mælaborð skal vera upprunalegt eða eins og upprunalegt og á upprunalegum stað. Breyta má og bæta við mælum að vild. Aftursæti má fjarlægja en loka verður snyrtilega gati því sem það skilur eftir sig. Skylda er að hafa eldvegg úr amk. 0,8mm stáli eða úr 1,2mm áli, milli farþega og farangursrýmis ef aftursæti hefur verið fjarlægt. Breyta má hurðaspiöldum en þau verða að hylja amk sama flöt og upprunaleg.

YFIRBYGGING

Upprunalegt útlit verður að haldast. Þó má setja á brettakanta, lækka topp osf. Trefjaplast yfirbyggingar leyfðar. Nota má plast bretti, vélarhlíf, hurðir eða heilar samstæður.

BRETTI

Öll bretti skulu vera til staðar. Nota má plast bretti. Hjólskálum að aftan má breyta að vild ss. Til að koma undir stærri dekkjum, þú verða allar breytingar að vera unnar úr sambærilegum efnum og upprunalega.

HVALBAKUR

Hvalbakur skylda og skal vera upprunalegur eða líta eins út og vera úr samskonar efnum með sömu efnisþykkt. Hvalbakur verður að vera á upprunalegum stað. Breyta má hvalbak vegna vélaskipta og verður það þá að vera gert úr sambærilegum efnum og upprunalega og skal hann líta út sem næst hinum upprunalega.

GÓLF

Upprunalegt gólf eða úr sambærilegum efnum skylda. Bannað er að hækka gólf. Lækka má gólf svo framarlega sem ekki er farið niður fyrir lágmarks hæð og útsýni ökumanns raskast ekki. Breyta má gólfi að aftan til að koma fyrir stærri dekkjum osf. Öll nýsmíði verður að vera úr samskonar efnum og upprunalegt var.

GÖTUBÚNAÐUR

Öll lögbundin ljós skulu vera virk ef bíll er á númerum, fjarlægja má ljós fyrir utan afturljós fyrir bremsur ef bíl er númeralaus. Götubúnaður skal vera til staðar og vera virkur. Sleppa má miðstöð og loftkælingu. Sleppa má þurrkum ef bíllinn er númeralaus.

RAFGEYMAR

Mest tveir rafgeymar leyfðir. Mega vera sýru og/eða þurrgeymar. Ef sýrugeymir er staðsettur í ökumannsrými skal hann vera í viðurkenndum, loftþéttum kassa með öndun út fyrir ökumannsrými. Rafgeymar skulu vera vel festir

HÖFUÐROFI

Höfuðrofi er skylda í öllum bílum sem hafa rafgeymi á öðrum stað en upprunalega, æskilegur annars.

STAÐSETNING ÖKUMANNS

Ökumaður skal staðsettur í ökumanns sæti sem fest er á þann stað sem gert var ráð fyrir frá framleiðanda viðkomandi ökutækis.

GT Flokkur

GT Flokkur – Flokkslýsing

GT (Gran Turismo) : Flokkur fyrir bíla með 6 til 12 strokka véla og slagrúmtak yfir 4500cc. Ef Bílar eru með forþjöppu, nitro eða Wankel vél þá uppreiknast slagrúmtak sjá í vélarkafli. Einn aflauki leifður. Allir bílar verða að vera á númerum og með löglega skoðun. Ræst skal á jöfnu með "full tree" Merking: GT/númer

Vél

Aðeins má nota vélar sem voru í boði í því boddii sem nota á. Verður að vera samskonar blokk og kom í bílnum upprunaleg frá verksmiðju (T.d. má aðeins nota vélar úr 4 gen Camaro í 4. gen Camaro) Setja má forþjöppur á bíla sem ekki koma original með forþjöppur. Ef bílar eru með forþjöppu uppreiknast slagrúmtak með 1,7 s.s. $2500\text{cc} \times 1,7 = 4250\text{cc}$. Ef um Wankel vél er að ræða þá uppreiknast slagrúmtak með 2,2 s.s. $1300\text{cc} \times 2,2 = 2860\text{cc}$. Ef um er að ræða Wankel með forþjöppu þá uppreiknast slagrúmtak með 3,74 s.s. $1100\text{cc} \times 3,74 = 4114\text{cc}$. Setja má forþjöppur á vélar sem ekki voru með forþjöppu original.

Blokk:

Aðeins má nota blokk sem voru í boði í því boddii sem nota á. (T.d. má aðeins nota blokk úr 4 gen Camaro í 4 gen Camaro)

Olíudæla:

"Dry sump" olíudælur eru bannaðar nema að viðkomandi bíll hafi verið fáanlegur með slíkri dælu frá verksmiðju.

ELDSNEYTISKERFI

Soggrein:

Frjáls val er á soggrein, þó verður hún að komast undir vélarhlíf.

Bensíntankur:

Bensíntankur verður að vera original eða eins og original. Ef ekki er upprunalegur tankur notaður verður sá sem notaður er að líta eins út, taka sama magn og vera í sömu festingum og sá upprunalegi. Bensínleiðslur verða að vera teknar út úr tankinum á upprunalegum stað. "sump" er bannað.

Eldsneyti:

Aðeins það eldsneyti sem að er í almennri dreifingu á eldsneytisútsölustöðum á Íslandi.. Bensínbætiefni bönnuð.

ÚTBLÁSTURSKERFI

Pústflækjur:

Pústflækjur leyfðar, þó má ekki klippa úr yfirbyggingu til að koma þeim fyrir.

Púströr:

Púströr skulu ná útfyrir yfirbyggingu bíls. Annars er sverleiki og lögun frjáls. Pústkerfi skal þó smíðað þannig að það sé hægt að fara með það beint úr keppni á viðurkennda skoðunarstöð og það fái fulla skoðun.

Hljóðkútar:

Hljóðkútar verða að vera til staðar og skoðun verður að fást á þá hjá viðurkenndri skoðunarstöð.



DRIFRÁS:

Drif:

Rafsoðin drif bönnuð, spólulæsingar bannaðar.

BÚKKAR & FJÖÐRUN

Fjöðrun:

Fjöðrum og fjaðrarkerfi má ekki breyta frá original í neinum bíl. Fjöðrunakerfi verður að vera eins og hver tegund og gerð kom með frá verksmiðju. Þetta á við bæði um fram og afturfjöðrun. Staðsetning fjöðrunarkerfis og festinga verður að vera sú sama og var frá verksmiðju á hverri tegund og gerð. Breyta má stífleika fjaðra, gorma vindustanga osf...

Búkkar:

Allir venjulegir spyrnubúkkar leyfðir. Bannað er að nota annað en original "four link" eða "ladder link". Ekki má klippa úr yfirbyggingu til að koma búkkum fyrir.

YFIRBYGGING

Yfirbygging:

Yfirbygging verður að vera eins og original hvað efni, stærð og útlit varðar. Setja má þó á vængi og vindskeiðar sem seldar og smíðaðar eru fyrir viðkomandi bíl. Einnig er leyfilegt að setja aukaopnun (cowl induction) á vélarhlíf "cowl induction" má þó aldrei vera hærra en 4" (10,16cm). Vélarhlíf má vera úr öðru efni en yfirbygging ökutækis.

Innrétting:

Allir bílar verða að vera með upprunalegri innréttingu þ.m.t. teppi stóla klæðning osf... Skipta má út framstólum fyrir keppnistóla sem verða að vera í upprunalegri staðsetningu. Aftursæti má fjarlægja til að koma fyrir veltiboga, en ganga verður snyrtilega frá því gati sem myndast milli ökumannsrýmis og farangursrýmis.

DEKK & FELGUR

Felgur:

Allar gerðir af felgum leyfðar, mega þó ekki vera minni en 13" nema að bíllinn hafi komið original á þeim frá verksmiðju. Felgur mega ekki ná út fyrir yfirbyggingu bíls.

Dekk:

Allar tegundir dekkja leyfðar fyrir bíla með afturdrif þar á meðal slikkar sem mega þó ekki fara upp fyrir 28" á hæð og 9" á breidd. Bílar með drifi að framan mega nota slikka. Bílar með drifi á öllum hjólum mega eingöngu nota radial dekk, en er þó leyft að nota radial götuslikka. Dekk mega aldrei standa út fyrir yfirbyggingu bíls.

ÖKUMAÐUR

Ökumaður:

Ökumaður skal sitja í ökumannssæti sem er í sömu staðsetningu og orginal,

Hjálpartæki:

Öll hjálpartæki til að aðstoða ökumann við brautarræsinguna eru bönnuð.

MC flokkur (MC)

FLOKKSLÝSING

MC (Muscle Car) Flokkur fyrir bíla framleidda í USA fyrir 1986 (árgerð 1985 og eldra) sem eru á númerum með óbreytta yfirbyggingu með öllum löglegum götubúnaði virkum. Ræst skal á jöfnu "full tree". Öll keppnistæki skulu geta ekið amk 10km þolakstur fyrir hverja keppni (ákvarðast af keppnisstjóra hverju sinni). Þeir keppendur sem ekki ná að ljúka þessu detta úr keppni.

VÉL

Blokk

Vélarblokk verður að vera úr sama málm og upphafleg blokk sem var í viðkomandi árgerð af ökutæki sem notað er.

Vél

Verður að vera fjöldaframleidd bílvél. Skipta má frá 6 strokka yfir í átta strokka, og frá "big block" yfir í "small block" eða öfugt, svo framarlega sem ekki sé sett önnur tegund af vél enn sem var fánleg í viðkomandi ökutæki. Færa má vélar milli árgerða. Hámark slagrúmtaks er 515 rúmtommur (cid)

Ventllok

Eina krafan um ventllok er að þau þétti, séu lekafrí og komist undir orginal vélarhlíf.

Tímagír

Aðeins tímakeðjur og hjól eru leyfð. Mega þó vera úr stáli, tvöföld og "roller" gerð. Reimdrif, gírdrif osf sem er ekki eins og framleitt var með upphaflega(not OEM type) bannað.

Olíukerfi

"Dry sump" olíukerfi bönnuð.

ELDSNEYTISKERFI

Soggrein

Beinar Innspytingar eru bannaðar, nema að þær hafi verið fánlegar á þeirri vél þeirrar árgerðar sem viðkomandi ökutæki er. Forþjöppur bannaðar. Nitro gas N2O bannað. Soggrein og blöndungur skulu passa undir vélarhlíf.

Bensíntankur

Bensíntankur verður að vera original eða eins og original. Ef ekki er upprunalegur tankur til staðar verður sá sem fyrir hann er að líta eins út, taka sama magn, og vera í sömu festingum, og sá upprunalegi. Bensínleiðslur verða að vera teknar út úr tankinum á upprunalegum stað. "Sump" er bannað.

Lofthreinsari

Lofthreinsari skal passa undir vélarhlíf

Eldsneyti

Aðeins bensín sem hægt er að kaupa af dælu á bensínstöð leyft. Öll almenn bensínbættiefni leyfð.

KVEIKIKERFI

Kveikja

Hámark má nota eina kveikju, og skal hún vera annað hvort rafeinda eða platínu. Magnetu kveikjur og "Crank trigger" er bannað. Útslátt og önnur hjápartæki má nota, þó ekki seinkara, biðbox eða önnur tæki sem hjálpa við brautarstart. Ekki má breyta staðsetningu á kveikju frá original.

ÚTBLÁSTURSKERFI

Pústkerfi

Pústkerfi skulu ná út fyrir yfirbyggingu bíls svo að hægt verði að fá á þau skoðun. Sverleiki röra má ekki fara yfir 2,5" að innanmáli. H-pípa er leyfð. Hámark tvöfalt kerfi

GÍRKASSI

Gírkassi

Verður að vera fjöldaframleiddur og fengist í viðkomandi ökutæki

Kúplingshús

Sprengihelt kúplingshús samkvæmt staðli æskilegt.

Kúpling

Fjöldiska kúplingar eru þó bannaðar.

Sjálfskipting

Nota má hvaða tveggja eða þriggja þrepa sjálfskiptingu sem er. Fjögurra þrepa skiptingar eru bannaðar nema að þær hafi verið framleiddar fyrir viðkomandi bíl og vélartegund. Nota má "trans pack" eða "manual" ventlabox í sjálfskiptingar. "Trans brake" er bannað.

DRIFRÁS

Drif

Bannað er að nota spólulæsingar, soðin eða steipt mismunadrif eru bönnuð.

Fjöðrun

Fjöðrun og fjaðrakerfi má ekki breyta frá original í neinum bíl.

Búkkar

Allir venjulegir spyrnubúkkar leyfðir. Bannað er að nota "four link" eða "ladder link" Ekki má klippa úr yfirbyggingu til að koma búkkum fyrir.

Yfirbygging

Yfirbyggingu má ekki breyta á nokkurn hátt frá upprunalegri smíði frá verksmiðju. Allar breytingar á hjólskálum og innribrettum bannaðar.

Innrétting

Allir bílar verða að vera með upprunalegri innréttingu eða eins og upprunalegri innréttingu. Bannað er að fjarlægja eða færa til nokkurn hluta innréttingar þar með talið teppi. Klæða má innréttingu að vild og breyta þannig að hún ekki léttist. Gólfteppi verður að vera á öllu gólfi bíls eða eins og kom frá framleiðanda. Skipta má út framstólum fyrir keppnisstóla sem þó þurfa að vera í original staðsetningu. Taka má burt stökk milli framsæta eða hluta hans til að koma fyrir skipti. Aftursæti má fjarlægja til að koma fyrir veltiboga. Ganga verður snyrtilega frá opinu sem myndast þegar hlutar innréttingar eru fjarlægðir.

RÚÐUR

Allar rúður verða að vera úr gleri eins og upprunalega. Allar rúður skulu annars vera úr öryggis gleri.

Grind

Allar breytingar á grind eru bannaðar. Þó er leyfilegt að styrkja grindur.

DEKK

Dekk

Allir hjólbarðar verða að vera "DOT" merktir. Hámarks hæð hjólbarða má ekki vera meiri en 28". Öll dekk þar sem merkingar framleiðanda hafa verið fjarlægðar bönnuð. Slikkar bannaðir. Öll dekk sem merkt eru "Soft Compund" (götuslikkar) hvort sem það eru Radial eða Diagonal bönnuð. Öll diagonal dekk verða að vera minnst 6 strigalaga. Ofangreint gildir líka um framdekk. Dekk meiga ekki standa út fyrir yfirbyggingu.

SE flokkur

GÖTUBÍLAFLOKKUR

FLOKKALÝSING

Flokkur fyrir bíla framleidda í USA fyrir 1986 (árgerð 1985 og eldra) sem keyrðir eru á götum, með fulla skoðun og löglegir skv. Íslenskum lögum og tilbúnir til skoðunar í löglegri skoðunarstöð. Keppnistæki skulu auðkennd með: SE/ og númeri ökumanns. Eftirfarandi þyngdartakmörk eru í flokknum: Ökutæki með vélarstærð að 415 cid, skulu vera lágmark 1350kg. Ökutæki með vélarstærð yfir 415 cid, skulu vera lágmark 1550kg. Hámarks vélarstærð 515 cid.

VÉL

Skal vera bílvél.

ÚTBLÁSTURSKERFI

Útblásturskerfi verður að vera til staðar í bílum í keppni samkvæmt reglum um gerð og búnað ökutækja á Íslandi. Kerfið má ekki beinast að vagni eða dekkjum, og vera tilbúið til skoðunar hjá viðurkenndri skoðunar stöð hvenær sem þurfa þykir. Hámarks sverleiki röra er 4".

ELDSNEYTISKERFI

Fjarlæga má upprunalegan eldsneytistank. Ef það er gert verður að nota viðkennda eldsneytis sellu (fuel cell). Og verður hún að vera loftræst út fyrir yfirbyggingu ökutækis. Ef eldsneytis sellu er notuð verður að gera eldvegg milli farangursrýmis og ökumannsklefa úr áli eða stáli. Einnig verður rafgeymir sem staðsettur er hjá eldsneytissellu að vera í kassa og einangraður frá selluni. Leggja má nýjar eldsneytisleiðslur og nota má þann sverleika sem þurfa þykir. Ef eldsneytisleiðslur eru aðrar en upprunalegar skulu þær vera vírofnar eða úr málmi. Gera má þró (sump) í eldsneytistank.

ELDSNEYTI

Nítro gas N₂O (glaðloft), nitromethane og alkohól bannað.

VÖKVAYFIRFALL

Vökvayfirfalls tankur er skylda á öllum keppnisbílum og verður minnst að taka ½ lítra.

FORÞJÖPPUR

Bannaðar nema að þær hafi komið á bílnum frá framleiðanda eða með samþykki hans frá umboði. Sé svo þarf viðkomandi forþjappa hvort sem um er að ræða kefla eða afgasforþjöppu að vera sömu gerðar og stærðar og sú upprunalega, en þarf ekki að vera frá sama framleiðanda.

INNGJÖF

Skal stjórnast af ökumanni og má enginn búnaður hvorki rafmagns, loft, vökva eða annar hafa áhrif á stjórnun inngjafar.

BREMSUR OG FJÖÐRUN

STÝRI

Aðeins venjuleg fjöldaframleidd stýri leyfð. Minnsta stærð á stýrishjóli er 13" (33,02cm). Breyta má frá "power"stýri yfir í "manual" og öfugt. Ef breytt er frá stýrisvél (snigill og sektor) yfir í tannstöng verður að nota tannstangarstýri sem gert er fyrir viðkomandi bíl, þyngd, stýrisgang og hjólbarða.

FJÖÐRUN

Ekki má breyta frá fjaðrablöðum yfir í gorma eða vindustangir eða öfugt, þar sem það er ekki upprunalegt. Breyta má stífleika fjöðrunar með því að taka úr blöð, gorma, vindustangir og setja mýkri/stífari samskonar í staðin. Sambyggðir gormahöggdeyfar bannaðir nema að þeir hafi komið upprunalega í viðkomandi bíl. Einn virkur höggdeyfir verður að vera á hvert fjaðrandi hjól amk.

GRIND

STUÐARAR

Stuðarar upprunalegir eða eins og upprunalegir skylda. Séu notaðir plast stuðarar skulu þeir líta út eins og upprunalegir

GRIND

Grind skal vera upprunalegeða eins og upprunaleg og þá úr eins efnum. Styrkingar á grind leyfðar. Tengja má grindarbita saman til að hindra að bíllinn snúi upp á sig. Bannað er að breyta grind á nokkurn hátt.

HÆÐ FRÁ JÖRÐU

Minnsta hæð frá jörðu er 3" (7,62cm) frá fremsta punkti bíls að punkti 12" (30,48cm) aftan við miðlínu framhjóra. Síðan 2" (5,08cm) fyrir það sem eftir er af bílnum nema olíupanna og flækjur.

HJÓLBARÐAR OG FELGUR

HJÓLBARÐAR

Öll viðurkennd götudekk leyfð sem eru með löglegan stimpil það er DOT eða sambærilegan sem viðurkenndur er af skoðunarstöðum og tæknimönnum KK. Stærð dekkja má ekki vera meiri en 30 X 12,5..

INNRETTING

Allir bílar verða að vera með upprunalegri innréttingu eða eins og upprunalegri innréttingu. Bannað er að fjarlægja eða færa til nokkurn hluta innréttingar þar með talið teppi. Klæða má innréttingu að vild og breyta þannig að hún ekki léttist. Gólfteppi verður að vera á öllu gólfi bíls eða eins og kom frá framleiðanda. Skipta má út framstólum fyrir keppnisstóla sem þó þurfa að vera í original staðsetningu. Taka má burt stökk milli framsæta eða hluta hans til að koma fyrir skipti. Aftursæti má fjarlægja til að koma fyrir veltiboga. Ganga verður snyrtilega frá opinu sem myndast þegar hlutar innréttingar eru fjarlægðir.

BODDÝSTÁL

Allt í öikumanns og farþegarými verður að vera upprunalegt eða eins og upprunalegt og þá úr eins efni og framleiðandi notaði. Það sama á við um ál. Magnesíum er bannað.

KLÆÐNING

Allir bílar skulu vera með fulla innréttingu í keppni.

YFIRBYGGING

YFIRBYGGING

Allir bílar skulu vera með yfirbyggingu eins og þeir komu með úr verksmiðju og úr sömu efnum. Trefjaplast vélarhlíf leyfð. Trefjaplast bretti eru leyfð að framan. Trefjaplast samstæður bannaðar. Að öðru leyti en að framan verður yfirbygging að vera úr sömu efnum og komu frá viðkomandi framleiðanda. Bannað er að klippa úr yfirbyggingu hvort sem um er að ræða tvöföldun eða eitthvað annað.

BRETTI

Allir bílar verða að vera með samskonar bretti og þeir komu með úr verksmiðju. Innribretti verða að upprunalega lögun og vera úr sömu efnum og original. Ekki er leyft að klippa úr léttu eða breyta innribrettum á nokkurn hátt nema til að koma fyrir þústflækjum og má þá ekki klippa meira en svo að brún brettis má ekki vera meira en 15mm frá ystu brún röra. Bannað er að klippa úr eða breyta hjólskálum að aftan á nokkurn hátt, þær má þó styrkja.

GÓLF

Upprunalegt gólf eða gólf sem lítur út sem upprunalegt og er úr samskonar efnum og upprunalegt skylda.

RÚÐUR

Allar rúður verða að vera úr gleri eins og upprunalega. Allar rúður skulu annars vera úr öryggis gleri.

RAFKERFI

KVEIKIKERFI

Allar tegundir kveikikerfa leyfðar. Þó má ekki nota tímastíllt kveikibox (stutter box). Ef notaðar eru Magnetukveikjur verða þær að vera tengdar þannig að bíllinn drepi á sér þegar svissað er af honum með straumlás(sviss) eins og upprunalega er gert ráð fyrir.

STUÐNINGSFLOKKUR

DRÁTTARTÆKI

Dráttartæki bönnuð.

ÖKUMAÐUR

STAÐSETNING ÖKUMANNSS

Ökumaður skal staðsettur í ökumannssæti sem þarf að vera á sama stað og upprunalega var gert ráð fyrir.

MS Flokkur

MS (Modified Standard) Flokkur.

Flokkslýsing:

Flokkur fyrir bíla framleidda í USA fyrir 1986 (árgerð 1985 og eldra) með V8 vélar án forþjöppu eða N2O (Poweradder) með öllum löglegum götubúnaði virkum. Öll keppnistæki skulu geta ekið amk 10km þolakstur fyrir hverja keppni(ákvarðast af keppnisstjóra hverju sinni). Þeir keppendur sem ekki ná að ljúka þessu detta úr keppni.

Þyngdarmörk í flokknum eru eftirfarandi:

Með vél að 330cid: 1250kg

Með vél að 399cid: 1350kg

Með vél að 499cid: 1450kg

Með vél að 560cid 1550kg

Allar þyngdir reiknast miðað við ökutæki á ráslnu til búið í ferð með ökumanni! Öll ökutæki skulu hafa gilda skoðun samkvæmt reglum um gerð og búnað ökutækja á Íslandi og standast íslensk umferðarlög/reglur.

Vél

Verður að vera fjöldaframleidd V8 bílvél. Slagrúmtak véla má ekki vera meira en 560cid.

Blokk

Vélarblokkir úr áli bannaðar nema að þær hafi verið fáanlegar frá verksmiðju í viðkomandi ökutæki.

Ventlalok

Eina krafan um ventlalok er að þau þétti og séu lekafrí.

Olíudæla

Utanálíggjandi olíudælur leyfðar, verða að vera drifnar af sveifarás.

Olíukerfi

"Dry sump" olíukerfi bönnuð.

ELDSNEYTISKERFI

Soggrein

Nota má hvaða soggrein sem er. Nota má mest tvo fjögurra hólfa blöndunga (Predator = 4. hólfa blöndungur), Eða 4 tveggja hólfa blöndunga. Mekanískar innspýtingar eru leyfðar.

Bensíndæla

Aðeins ein bensíndæla. Sveifarásknúnar bensíndælur (innspýtinga dælur) bannaðar nema með mekanískum innspýtingum.

Bensínleiðslur

Bensín leiðslur skulu ekki vera sverari en 1/2". Ef skipt er um bensín lagnir verða nýju lagnirnar að vera úr samskonar efni og þær gömlu.

Bensíntankur

Bensíntankur verður að taka sam magn og original tankur. Ef ökutæki er komið niður fyrir 11,99sek og/eða 120mph má nota "eldsneytissellu"

Eldsneiti

Aðeins bensín sem hægt er að kaupa af dælu á bensínstöð leyft. Öll bensínbætiefni leyfð.

KVEIKIKERFI

Kveikja

Hámark má nota eina kveikju, og skal hún vera annað hvort rafeinda eða platínu. "Crank trygger" er bannað. Útslátt og önnur hjápartæki má nota, þó ekki seinkara, biðbox eða önnur tæki sem hjálpa við brautarstart. Ekki má breyta staðsetningu á kveikju frá original.

ÚTBLÁSTURSKERFI

Flækjur

Pústflækjur má setja í staðinn fyrir greinar. Safnari á pústflækjum (collector) má ekki vera lengri en 60cm.

Pústkerfi

Leyfilegt er að fjarlægja pústkerfi í keppni

GÍRKASSI

Gírkassi

Nota má hvaða beinskiptan fólksbílakassa sem er. "Clutch less" gírkassar bannaðir.

Kúpling

Fjöldiska kúplingar eru þó bannaðar.

DRIFRÁS

Drif

Læst drif leyfð. Þó er bannað að nota spólulæsingar, soðin eða steipt mismunadrif eru bönnuð.

BÚKKAR & FJÖÐRUN

Nota má hvaða fjörðunarkerfi sem er. Staðsetningarpunktur fjörðunarkerfis verða að vera þeir sömu og var frá verksmiðju. Ekki má færa fjaðrafestingar eða breyta þeim á nokkurn hátt. Breyta má stífleika fjaðra, gorma, vindustanga osf, bæta má blöðum í blaðfjaðrir eða fjarlægja eftir þörfum. einnig má míkja eða stífa gorma/vindustangir eftir þörfum.

Búkkar

Allir venjulegir spyrnubúkkar leyfðir. Ekki má klippa úr yfirbyggingu til að koma búkkum fyrir.

Demparar

Ekki má bora dempara eða tappa af þeim vökva eða gasi.

YFIRBYGGING

Yfirbyggingu má ekki breyta á nokkurn hátt frá upprunalegri útliti úr verksmiðju. Allar léttingar og plast verða að vera með upprunalegt útlit, eina undantekning er húdd. Nota má plast hluti séu þeir eins í útliti og original (á ekki við um húdd). Nota má áfastar opnanir(scoop) á vélarhlíf. Innribretti og hjólskálur verða að vera upprunalegar eða eins og upprunalegar og þá úr sömu efnum eins og upprunalega. Allar breytingar á hjólskálum og innribrettum bannaðar. Undantekning frá þessu eru trefjaplást "roadster" yfirbyggingar (kit)

Innrétting

Allir bílar verða að vera með fullri innréttingu Gólfteppi verður að vera á öllu gólfi bíls eða eins og kom frá framleiðanda. Skifta má út framstólum fyrir keppnisstóla sem þó þurfa að vera í original staðsetningu. Taka má burt stökk milli framsæta eða hluta hans til að koma fyrir skifti. Aftursæti má fjarlægja til að koma fyrir veltiboga. Ganga verður snyrtilega frá opinu sem myndast þegar hlutar innréttingar eru fjarlægðir.

Grind

Allar breytingar á grind eru bannaðar. Þó er leyfilegt að styrkja grindur.

Stýri

Bannað er að skifta frá orginalstýrisvél(snigill og sektor) og setja í staðinn tannstöng eða öfugt. Leyft er að skifta frá "power stýri yfir í "manual" og öfugt. Minnsta stærð á stýrishjóli er 13" (34cm). Á ekki við um "Kit" bíla

DEKK & FELGUR

Felgur

Allar gerðir af felgum leyfðar. Felgur mega ekki vera minni en 13" og ekki stærri en 16". Nema að það hafi verið original fánlegt á viðkomandi bíl árgerð og gerð. Hafa má hvaða breidd af felgum sem er. Þó mega þær ekki ná út fyrir yfirbyggingu.

Dekk

Slikkar leyfðir, stærð þeirra má ekki vera meiri en 28" X 9".

Öll dekk þar sem merkingar framleiðanda hafa verið fjarlægðar bönnuð.

Öll dekk verða að vera fyrir innan innri brún bretta.

Ofangreint gildir líka um framdekk.

GF Flokkur

ÚTBÚINN GÖTUBÍLAFLOKKUR

FLOKKALÝSING

Flokkur fyrir bíla framleidda í USA fyrir 1986 (árgerð 1985 og eldra) sem geta talist hæfir til götuaksturs og ekið í almennri umferð, það er bílar með fulla yfirbyggingu og annað sem þarf til að aka megi þeim á götum. Breyta má nokkrum atriðum til að bíllinn henti betur til spyrnuaksturs, þó með þeim skilyrðum að hægt sé að breyta honum aftur með lítilli fyrirhöfn og færa hann til skoðunar á viðurkennda skoðunarstöð. Lágmarksþyngd í floknum er 1300 kíló, með ökumanni á ráslínu. Bílar skulu auðkenndir með GF/ og númeri ökumanns. Bílar þurfa að vera á númerum, skoðaðir af löggilttri skoðunarstöð, tryggðir og skulu standast skoðun ef krafist er (fyrir utan dekk og púst).

VÉL

VÉL:

Skal vera bílvél.

ELDSNEYTISKERFI:

Sérframleiddir og staðlaðir eldsneytistankar (sellur) skylda í öllum bílum þar sem upprunalegir eldsneytistankar eru ekki notaðir. Sverleiki og fjöldi eldsneytisleiðsla er frjáls en þær verða allar að vera úr viðurkenndum málmrörum eða vírofum eldsneytisslöngum.

VÖKVAYFIRFALL:

Skylda er að hafa vökvayfirfall og söfnunarkút tengdann því við kælikerfi á öllum bílum. Minnsta stærð á söfnunarkút er ½ lítri.

INNGJÖF:

Inngjöf skal stjórnast eingöngu af ökumann og eru öll hjálpartæki við hana hvort sem það eru tölvur, rafmagn, vökví, loft, osf. Stranglega bönnuð.

DRIFRÁS

DRIFSKAFT:

Baula utan um drifskaft skylda.

AFTURÁS:

Soðin/steypt mismunadrif bönnuð.

HLÍÐARSKJÖLDUR FYRIR SJÁLFSKIFTINGAR:

Sprengihlíf á sjálfskiftingu skylda einnig má nota sprengimottu.

BREMSUR OG FJÖÐRUN:

STÝRI:

Aðeins venjuleg fjöldaframleidd stýri leyfð. Minnasta þvermál Stýrishjóls er 13" (33,02cm).

FJÖÐRUN:

Fjöðrun gerð fyrir bíla skylda. Minnst einn virkur höggdeyfir á hvert fjaðrandi hjól. Breyta má framfjöðrun frá orginal yfir í aftermarket SFI Proofed fyrir bifreiðina. Styrkingar á grind eru leyfðar.

GRIND

GRIND:

Verður að vera bílgrind og eiga við viðkomandi ökutæki. Breytingar eru aðeins leyfðar á grind fyrir aftan hvalbak, nema styrkingar sem má setja hvar á grind sem er.

STUÐARAR:

Skifta má yfir í plast stuðara ef þeir hafa sama útlit og upprunalegir.

HÆÐ YFIR JÖRÐU:

Minnsta hæð frá jörðu má ekki vera minni en 3" (7,62cm) frá framenda bíls að punkti 12" (30,48cm) aftan við miðlínu framhjóra. Síðan 2" (5,08cm) það sem eftir er. Undanskilið er pústkerfi og olíupanna.

BIL MILLI HJÓLA:

Bili milli fram og afturhjóra skal halda upprunalegu fyrir viðkomandi bít, frávik er leyft 2" (5,08cm).

HJÓLBARÐAR OG FELGUR

HJÓLBARÐAR:

Slikkar leyfðir. Framdekk þurfa ekki að hafa DOT stimpil. Sé svo verða framdekk að vera sérstaklega gerð fyrir spyrnuakstur.

FELGUR:

Allar gerðir af felgum fyrir bíla leyfðar, nema teina og mótörhjólafelgur. Minnsta felgustærð er 13" nema að bíllinn hafi komið upprunalega á minni felgum og sé með upprunalega vél.

INNRETTING

BODDÝSTÁL:

Allur málmur í ökumanns og farþega klefa verður að vera ál eða stál (járn). Öll málmsmíði í ökumanns og farþegaklefa verður að vera upprunaleg eða eins og upprunaleg. Magnesíum bannað.

KLÆÐNING:

Mælaborð skal vera upprunalegt eða eins og upprunalegt og á upprunalegum stað. Bæta má við mælum að vild. Aftursæti má fjarlægja en loka verður snyrtilega gati því sem það skylur eftir sig. Skylda er að hafa eldvegg úr amk. 0,8mm stáli eða úr 1,2mm áli, milli farþega og farangursrýmis ef aftursæti hefur verið fjarlægt. Breyta má hurðaspiöldum en þau verða að hylja amk sama flöt og upprunaleg.

YFIRBYGGING

YFIRBYGGING:

Upprunalegt útlit verður að haldast. Þó má setja á brettakanta lækka topp osf. Trefjaplast yfirbyggingar leyfðar. Nota má plast bretti, vélarhlíf, hurðir eða heilar samstæður. Rúðu upphalarar verða að virka í öllum hurðum.

BRETTI:

Öll bretti skulu vera til staðar. Nota má plast bretti eða samtæður svo framarlega að þær séu með sama útlit og upprunalegir hlutir. Innribrettum að framan má breyta eða þau fjarlægja, þó ekki þar sem þau eru hluti fjöðrunarkerfis eða demparafestinga, nema að viðeigandi styrkingar komi í staðinn. Hjólskálum að aftan má breyta að vild.

HVALBAKUR:

Hvalbakur skylda og skal vera upprunalegur eða líta eins út og vera úr samskonar efnum með sömu efnisþykkt. Hvalbakur verður að vera á upprunalegum stað. Breyta má hvalbak vegna vélaskifta og verður það þá að vera gert úr sambærilegum efnum og upprunalega og skal hann líta út sem næst hinum upprunalega. Vél má þó ekki staðsetja aftar en svo að fremsta kerti sé í miðlínu spindla. Breyttur hvalbakur skal eftir sem áður uppfylla ofangreind skilyrði um efnisval.

GÓLF:

Upprunalegt gólf eða úr sambærilegum efnum skylda. Bannað er að hækka gólf. Lækka má gólf svo framarlega sem ekki er farið niður fyrir lágmarks hæð (sjá Grind:4.) og útsýni ökumanns raskast ekki. Breyta má gólfi að aftan til að koma fyrir stærri dekkjum osf... Öll nýsmíði verður að vera úr sömu efnum og upprunalegt var.

GÖTUBÚNAÐUR:

Öll ljós skulu vera virk. Götubúnaður skal vera til staðar og vera virkur. Sleppa má þurkum miðstöð og loftkælingu.

FRAMRÚÐA OG GLUGGAR:

Allar rúður verða að vera úr gleri eins og upprunalega. Allar rúður skulu annars vera úr öryggis gleri.

RAFKERFI

TÖLVUR OG GAGNASÖFNUN:

Tölvur og önnur tæki sem afla gagna um viðkomandi ökutæki leyfð. Þau mega hins vegar ekki hafa nein áhrif á ræsingu, inngjöf, tengsli, "tranbrake" eða annað í bílnum sem hjálpar við stillingar eða ræsingu eða neitt það sem kann að hjápa eða hindra ökumann eða vélbúnað ökutækis í ferð.

KVEIKIKERFI

Öll kveikikerfi leyfileg nema tímastill kveikibox (stutter box), magnetu kveikjur bannaðar.

HÖFUÐROFI:

Höfuðrofi er skylda í öllum bílum.

STUÐNINGSFLOKKUR

DRÁTTARTÆKI:

Öll dráttartæki eru bönnuð.

ÖKUMAÐUR

STAÐSETNING ÖKUMANNS:

Ökumaður skal staðsettur í ökumanns sæti sem fest er á þann stað sem gert var ráð fyrir frá framleiðanda viðkomandi ökutækis eða samkvæmt leiðbeiningum frá framleiðanda þeirra keppnisstóla sem notaðir eru.